

fn Íslands:

narhátíð

na- ir, mun því næst opna sýninguna
egi Aldarspegill – íslensk myndlist í eigu safns-
ki- ins 1900–1987.
ns- Safnið verður opnað formlega fyrir al-
ns, menning sunnudaginn 31. janúar kl. 11.30 og
áð- verður opið alla daga nema mánudaga frá
ns- kl. 11.30–16.30.
ótt-

valsstaðir:


myndir listamanna

nn opnuð að Kjarvalsstöðum sýning sem ber
nu yfirskriftina Sjálfsmyndir og er henni ætlað
gu að sýna úrval sjálfsmynda eftir íslenska
ts- myndlistarmenn frá 19. öld fram til vorra
afa tíma. Hér er ekki um sögulegt yfirlit eða
li- fræðilega úttekt að ræða heldur er stiklað í
ru gegnum íslenska listasögu og reynt eftir
ið- mætti að velja margbreytileg og góð verk lis-
ur tunnendum til skemmtunar og yndisauka.

Norræna Húsið:

Tumi sýnir mál-verk

Á morgun, laugardag, kl. 16.00 verður opnuð í kjallara Norræna hússins sýning á málverkum eftir Tuma Magnússon. Myndirnar eru málaðar á síðustu 18 mánuðum. Tumi hefur haldið margar einkasýningar og tekið þátt í samsýningum á Íslandi og erlendis frá því 1978. Sýningin stendur til 14. febrúar og er opin daglega frá kl. 14–19.



Málverk eftir Tuma Magnússon.

Norræna húsið:

Bagatellur

Næstkomandi sunnudag mun Guðni Franzson klarinettuleikari halda einleikstónleika á sal Norræna hússins. Þar mun hann leika verk samin fyrir einleiksklarinettu, flest samin á síðustu árum, ýmist með eða án aðstoðar segulbanda.

Þeir höfundar sem eiga verk á efnisskránni eru Þórólfur Eiríksson, Atli Ingólfsson, Z. Karkowski, Hákon Leifsson, Ingvar Lindholm, Luciano Berio og Igor Stravinsky. Aðrir þátttakendur í tónleikunum verða spendýr hafsins sem mörgum hefur orðið svo tíðrætt um að undanförnu.


Tónleikarnir hefjast kl. 17.00.

Nýlistasafnið:

Ingólfur Arnarson sýnir lágmyndir og teikningar

Þann 30. janúar opnar Ingólfur Arnarson sýningu í Nýlistasafninu við Vatnsstíg. Ingólfur nam við listaskólana í Reykjavík og stundaði framhaldsnám í Hollandi. Síðustu ár hefur hann lagt stund á myndlist, sýnt hérlendis og erlendis, auk þess sem hann er kennari við Myndlista- og handíðaskóla Íslands.

Verkin á sýningunni í Nýlistasafninu eru unnin á síðastliðnum tveimur árum, bæði lágmyndir og teikningar. Einnig verður til sýnis bókin Tvær bækur sem gerð er í samvinnu við Eggert Pétursson og gefin út af Hong Kong Press í Gautaborg.



Eitt af verkum Ingólfs Arnarsonar.

Sýningin er opin virka daga frá kl. 16–20 en um helgar frá kl. 14–20. Henni lýkur 20. febrúar.

Gjaldheimta Suðurnesja tekin til starfa

Gjaldheimta Suðurnesja tók til starfa 21. janúar sl. Gjaldheimtan var stofnuð 2. desember 1987 og er sameignarfyrirtæki ríkissjóðs og sjö sveitarfélaga á Suðurnesjum, þ.e. Keflavíkur, Njarðvíkur, Grindavíkur, Sandgerðis ,Garðs, Vatnsleysustrandarhrepps og Hafna. Innheimtudæmi gjaldheimtunnar nær einnig til Keflavíkurflugvallar. Til að byrja með sér gjaldheimta Suðurnesja aðeins um móttöku og innheimtu á staðgreiðslu opinberra gjalda skv. lögum nr. 45/1987. Gjaldheimtan mun einnig innheimta fasteignagjöld fyrir hlutaðeigandi sveitarfélög sem þess óska. Heimilt er að fela gjaldheimtunni innheimtu annara gjalda skv. nánari samkomulagi stjórnar gjaldheimtunnar. Ásgeir Jónsson lögfræðingur hefur verið ráðinn gjaldheimtustjóri frá og með 1. jan. 1988. Fyrst um sinn hafa verið ráðnir tveir starfsmenn, þær Guðbjörg Jónasdóttir og María Hauksdóttir. Aðsetur gjaldheimtunnar er að Grundarvegi 23, Njarðvík, í sama húsi og Sparisjóðurinn í Njarðvík. Fyrst um sinn verður afgreiðsla gjaldheimtunnar opin alla virka daga frá kl. 9.15–12 og 13–16. Síminn er (92) 15055.

Viðurkenning

Forseti Finnlands hefur sæmt Barbro Skogberg Þórðarson riddarakrossorðunni með hinni Hvítu rós Finnlands sem viðurkenningu fyrir vel unnin og drífandi störf sem formaður Suomi-félagsins á Íslandi. Í Suomi-félaginu eru um það bil 400 félagar og er það bæði fyrir Finna búsetta á Íslandi og íslenska Finnlandsvini. Barbro hefur í ellefu ár verið formaður og á þessum árum gert mikið til að auka samstöðu meðal Finna á Íslandi og sömuleiðis aukið þekkingu Íslendinga á Finnlandi. Anders Huldén sendiherra afhenti Barbro riddarakrossorðuna.



Ný snyrtistofa í hjarta bæjarins

Opnuð hefur verið ný snyrtistofa að Þingholtsstræti 6 og ber hún heitið Linda, snyrtistofa. Þar er boðið upp á andlitsböð, húðhreinsun, plokkun, litun, vax, snyrtingu (make up) og líkamsnudd (aðeins fyrir konur) og bursta hreinsitæki á andlit. Linda Þórarinsdóttir, eigandi stofunnar, stundaði nám í Dangremond skólanum í Haag í Hollandi, lærði m.a. að vinna með þýskar lífrænar snyrtivörur sem eru ekki mikið þekktar á Íslandi. Linda vekur athygli á að húðhreinsun sé ekki síður nauðsynleg fyrir karlmenn en kvenfólk.

Tímarit

Fréttatímaritið Þjóðlíf komið út

Janúarhefti blaðsins er komið út fjölbreytt að efni. M.a. er viðtal við Watson, kaptein Sea Sepherd, í tilefni af Íslandsferð hans. Staða ríkisstjórnarinnar og vangaveltur framsóknarmanna um stjórnarslit eru til umfjöllunar í fréttaskýringu. Þá er viðtal við Björn Engholm, leiðtoga jafnaðarmanna í Slésvík Holsetalandi, um hneykslið í Kíl sem endaði með sjálfsmorði Barschels forsætisráðherra. Sagt er frá niðurstöðum nýlegrar könnunar á „fyrirtíðarspennu" meðal reykvíkskra kvenna. Þjóðlíf fjallar sérstaklega í þema um Evrópubandalagið með fréttaskýringum og viðtölum – einstefna til Evrópu. Forsíðuefni tímaritsins er helgað hinu dularfulla. Fréttatímaritið Þjóðlíf er eina alhliða fréttatímaritið á Íslandi sem kemur út mánaðarlega.

Fyrirlestur

Háskólafyrirlestur

Dr. Miller Brown, prófessor í heimspeki við Trinity Collage í Connecticut í Bandaríkjunum, flytur fyrirlestur í boði heimspekideildar Háskóla Íslands og Félags áhugamanna um heimspeki sunnudaginn 31. janúar kl. 14.30 í stofu 101 í Lögbergi. Fyrirlesturinn nefnist „Ageing and Disease" og fjallar um eðli sjúkdóma og hvort rétt sé að líta á elli sem einhvers konar sjúkdóm. Prófessor Miller Brown vinnur nú um stundir að bók um eðli sjúkdóma, einkum og sér í lagi geðsjúkdóma, með sérstöku tilliti til félagslegrar stefnumótunar. Á undanförnum árum hefur hann ritað ýmsar greinar um tengd efni í fagtímarit. Fyrirlesturinn verður fluttur á ensku og er öllum opinn.

Fundir

Samtök gegn astma og ofnæmi

halda félagsfund að Norðurbrún 1 kl. 14 laugardaginn 30. janúar. Fundarefni: Davíð Gíslason læknir fjallar um ofnæmi gegn aukaefnum í matvælum. Kaffiveitingar. Allir velkomnir.

Aðalfundur Kvenfélags Árbæjarsóknar

verður haldinn þriðjudaginn 2. febrúar kl. 20.40 í safnaðarheimilinu. Venjuleg aðalfundarstörf, kaffiveitingar og skemmtiatriði.

Tapað – Fundið

Seðlaveski tapaðist

Skærblátt dömuseðlaveski tapaðist á leiðinni Rauðarárstígur – Svarti svanurinn – Myndlista- og handíðaskólinn, Stórholti 1. Finnandi vinsamlegast hringi í síma 673494 eða 29000–615. Fundarlaun.

Happdrætti

Dregið í happdrætti Kristilegrar skólahreyfingar

Þann 25. jan. var dregið hjá yfirborgardómara í þúsund miða happdrætti KSH. Vinningur, Daihatsu Cuore bifreið, kom á miða nr. 893. Kristileg skólahreyfing þakkar öllum sem stutt hafa starfið.

Leikhús

Alþýðuleikhúsið

sýnir tvo einþáttunga eftir Harold Pinter, Einskonar Alaska og Kveðjuskál, í Hlaðvarpanum, Vesturgötu 3. Miðasala er allan sólarhringinn í síma 15185 og á skrifstofu Alþýðuleikhússins, Vesturgötu 3, 2. hæð, kl. 14–16 virka daga.

Leikfélag Akureyrar

sýnir Pilt og stúlku á föstudags- og laugardagskvöld kl. 20.30 og sunnudag kl. 16.

EGG-leikhúsið

sýnir leikritið Á sama stað á veitingastaðnum Mandarínanum v/Tryggvagötu á laugardag kl. 13 og þriðjudag kl. 12. Miðapantanir teknar á Mandarínanum í síma 23950.

Ferðlög

Ferðafélag Íslands

Dagsferðir sunnudaginn 31. jan.
Kl. 13: Skálafell sunnan Hellisheiðar. Skálafellið er létt uppgöngu en útsýnið í björtu veðri alveg ótrúlegt. Verð kr. 600.
Skíðaganga á Hellisheiði. Á Hellisheiði norður af Skálafellinu er afar gott skíðagönguland. Verð kr. 600. Brottför frá Umferðarmiðstöðinni, austanmegin. Farmiðar við bíl. Frítt fyrir börn í fylgd fullorðinna. Klæðist hlýjum fötum og þægilegum skóm. Munið vetrarfagnað Ferðafélagsins á Flúðum helgina 13.–14. febrúar. Þorramatur, gisting í smáhýsum og rútuferð á ótrúlega lágu verði. Áætlun fyrir árið 1988 er komin út.

Útivistarferðir

Sunnudagur 31. jan.
Kl. 10.30: Gullfoss í klakaböndum – Geysir. Farið verður að fossinum Faxa, Haukadal, Bergþórsleiði og víðar. Verð 1.200.
Kl. 10.30: Miðdegisganga á skíðum. Nýjung. Farið verður á gönguskíði í Bláfjöllum og dvalið í 3 klst. Heimkoma þaðan kl. 15. Verð 600 kr.
Kl. 13: Gömul verleið: Skipsstígur – Grindavík. Ferð til að minna á ferðir sjómanna á fyrri tíð í tilefni af því að vetrarvertíð á Suðurlandi hófst jafnan á kyndilmessu sem er 2. febr. en þá áttu sjómenn að vera komnir til skips. Verð 800 kr. Brottför í ferðirnar er frá BSÍ, bensínsölu. Ferðir fyrir alla.
Þorraferð í Þórsmörk 5.–7. febr. Nú er orðið fallegt og vetrarlegt í Mörkinni. Góð gisting í Útivistarskálunum í Básum. Gönguferðir við allra hæfi. Uppl. og farm. á skrifst., Grófinni 1, símar 14606 og 23732. Sjáumst.

Sýningar

Árbæjarsafn

Árbæjarsafn er opið eftir samkomulagi. Sími 84412.

Ásgrímssafn

Bergstaðastræti 74
Safnið er opið sunnudaga, þriðjudaga og fimmtudaga kl. 13.30–16.

Gallerí Borg

Pósthússtræti 9 og Austurstræti 10
Í Gallerí Borg, Pósthússtræti, stendur yfir sýning á nokkrum nýlegum hestamyndum eftir Baltasar. Sýningin er opin virka daga kl. 10–18 og um helgar kl. 14–18.

Gallerí Grjót,

Skólavörðustíg
Samsýning stendur yfir. Á sýningunni eru skúlptúrar, málverk og grafík. Þeir sem að sýningunni standa eru Jónína Guðnadóttir, Magnús Tómasson, Ófeigur Björnsson, Ragnheiður Jónsdóttir, Páll Guðmundsson, Þorbjörg Höskuldsdóttir, Örn Þorsteinsson, Rúna Guðjónsdóttir og Gestur Þorgrímsson. Sýningin er opin virka daga frá kl. 12–18 og frá 10–22 á laugardag.

Gallerí List

Skipholti 50b
Þar er nú mikið úrval af grafík, olíu- og vatnslitamyndum, einnig glerlist og postulíni. Opið virka daga kl. 10–18 og kl. 10–12 á laugardögum.

Gallerí Langbrók

Bókhlöðustíg 2
Gallerí Langbrók er textílgallerí. Opið þriðjudaga til föstudaga kl. 12–18 og laugardaga kl. 11–14.

Gallerí Nes

Nýjabæ v/Eiðistorg
Opnaður hefur verið nýr sýningarsalur, Gallerí Nes, í verslunarhúsnæði Nýjabæjar við Eiðistorg, III. hæð. Opið er virka daga kl. 16–19 og laugardaga og sunnudaga kl. 13–16.

Kjarvalsstaðir

við Miklatún
Á sunnudaginn kl. 14 verður opnuð sýning á vegum Kjarvalsstaða sem ber yfirskriftina Sjálfsmyndir – úrval sjálfsmynda af íslenskum listamönnum frá miðri síðustu öld til okkar daga. Sýningin verður opin daglega kl. 14–22 til 14. febrúar.